

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 1. september 2010
BM

Efni: Frumvarp til umferðarlaga, 533. mál.

Slysavarnaráð hefur tekið til umræðu frumvarp til umferðarlaga, 533. mál. Slysavarnaráð telur að viðbætur og nýmæli í lögnum séu til bóta fyrir umferðaröryggi. Slysavarnaráð fagnar tillögum um hækkun ökuréttindaaldurs og telur einnig að lækkun refsimarka ölvunaraksturs sé til bóta. Meðfylgjandi er umsögn Slysavarnaráðs um einstaka greinar sem ráðið telur að megi bæta.

15. grein. Slysavarnaráð leggur til að kveðið verði á um að umferð gangandi vegfarenda yfir akbraut þar sem girt hefur verið á miðeyju verði óheimil.

43. grein. Almennar reglur um akstur bifhjóla.

Í greininni er tiltekið að bifhjóli megi aka samhliða öðru bilhjóli á sömu akrein í þéttbýli þar sem hámarkshraði er eigi meiri en 60 km/klst. og aðstæður leyfa slíkt.

Slysavarnaráð telur skynsamlegt að gott bil sé á milli ökutækja í umferð ef skyndilega þarf að bregðast við hættu. Af þeim sökum er ekki ráðlegt að leyfa samhliða akstur bifhjóla á sömu akrein.


Slysavarnaráð bendir á þá staðreynd að "slysatíðni bifhjóla" er há miðað við "bifreiðar". Að ökumaður og farþegi bifhjóla eru hlutfallslega mjög illa varðir miðað við ökuþmann/farþega bifreiða og að áverkar eru alvarlegri þegar illa fer. Það er ekki ástæða til að auka á slyshættuna með því að leyfa samhliða akstur bifhjóla í þéttbýli. Ef samhliðaakstur verður leyfður telur Slysavarnaráð að það þurfi mjög vandlegan rökstuðning.

76. grein. Notkun barna á hlífðarhjálmi við hjólréiðar.

Samkvæmt 76. grein er börnum 15 ára og yngri skyld að nota hlífðarhjálmi við hjólréiðar. Slysavarnaráð telur miðað við fyrirliggjandi þekkingu að varnaráhrif hjólréiðahjálma sýna að þeir draga úr líkum á alvarlegum höfuð- og heilaáverkum um 70%. Varnaráhrif hjálma eru þau sömu fyrir alla aldurshópa. Það er til mikils að vinna að koma í veg fyrir alvarlega höfuðáverka og Slysavarnaráð er því eindregið fylgjandi að allir noti hjólréiðahjálma. Í forvarnarskygni er erfitt að benda á að börn verði að nota hjálma en fullorðnir ekki. Fullorðnir eru fyrirmyndir barna og verulegt ósamræmi í lögum ef fullorðnir þurfa ekki að nota hjálmi en börnin þurfa.

Virðingarfyllst

F.h Slysavarnaráðs


Brynjólfur Mogensén formaður